

# Námskrágerð Bugðuleikskóla

---

Skýrsla unnin af  
Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna

maí 2010

## Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>BRÁKARBORG</b> .....	<b>5</b>
KYNNING Á LEIKSKÓLANUM .....	5
SÉRSTAÐA BRÁKARBORGAR .....	7
<b>RAUÐHÓLL</b> .....	<b>9</b>
KYNNING Á LEIKSKÓLANUM .....	10
SÉRSTAÐA RAUÐHÓLS .....	12
<b>GARÐABORG</b> .....	<b>13</b>
KYNNING Á LEIKSKÓLANUM .....	14
SÉRSTAÐA GARÐABORGAR .....	15
<b>KLAMBAR</b> .....	<b>17</b>
KYNNING Á LEIKSKÓLANUM .....	18
SÉRSTAÐA KLAMBRA.....	19
<b>SAMANTEKT</b> .....	<b>17</b>
<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>23</b>

## Inngangur

Bugða er samstarfshópur fjögurra leikskóla í Reykjavík sem hafa sett sér sameiginleg markmið um uppeldisstarf og starfsmannastefnu. Leikskólarnir eru Klambrar, Garðaborg, Brákarborg og Rauðhóll. Leikskólarnir sækja uppeldiskenningar sínar til bandaríska heimspekingsins og menntafrömuðarins Johns Dewey. Starfsaðferðir eru sóttar til bandaríska uppeldisfræðingsins Caroline Pratt sem var barnakennari í New York kringum aldamótin 1900 (Bugðuskýrsla, 2010). Pratt stofnaði leik- og grunnskóla árið 1914 sem er enn starfandi. Hún hannaði leikefni fyrir skólann, m.a. einingakubba og stóra kubba. Kubbarnir eru úr massífum hlyni, misstórir og eru stærðirnar (lengd, breidd og þykkt) í ákveðnum hlutföllum innbyrðis. Hugmyndafræðina á bak við vinnuna með þá sótti Pratt í smiðju Johns Dewey sem taldi eins og hún að lærdómur væri árangursríkastur ef barnið réði sjálft ferðinni (e. learning by doing) og umhverfið væri sniðið að þörfum barnsins (Leikskólinn Klambrar, 2008). Pratt taldi að löngun barna til að læra væri meðfædd og að þau lærðu í gegnum leik. Kennslufræði hennar byggir á því að nærvera kennarans sé lykilatriði. Það sé barnið sem stjórni aðstæðum, kennarinn sé því eingöngu til leiðsagnar þegar á þurfi að halda. Þannig þroski barnið sínar hugmyndir út frá eigin forsendum. Þegar kennarinn leiðsegi barninu sé það á forsendum barnsins, ekki kennarans. Pratt taldi að auðveldara væri fyrir börn að tjá hugmyndir sínar ef þau æfðu sig í að hugsa með hjálp kubba og leikefnis sem væri opið (Leikskólinn Garðaborg, 2003).

Leikskólarnir fjórir eru hver og einn sjálfstætt lærdómssamfélag. Lögð er áhersla á að allir læri saman og hver af öðrum, börn jafnt sem fullorðnir. Lögð er áhersla á lýðræðislega stjórnun og samvinnu starfsfólks, barna og foreldra í þeim tilgangi að ná sem bestum árangri við að skapa skóla sem lærir af börnum. Bugða er stærra lærdómssamfélag, þar hittast kennarar allra leikskólanna og miðla hugmyndum og aðferðum. Bugðuleikskólarnir standa fyrir sameiginlegri fræðslu, handleiðslu nýrra leikskólakennara og skipulögðu samstarfi stjórnenda. Samvinnan á að stuðla að áframhaldandi þróun og nýsköpun í starfinu þar sem börn og starfsmenn læra saman. Í framtíðinni er gert ráð fyrir skipulögðum þróunarverkefnum innan Bugðu og samvinnu við stofnanir og fræðimenn á sviði uppeldismála (Bugðuskýrsla, 2010).

Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) var Bugðuskólunum til ráðgjafar við sameiginlega námskrárgerð skólanna. Í fyrstu var haldinn fundur með Jóhönnu

Einarsdóttur, forstöðumanni RannUng og prófessor við Háskóla Íslands, og Sigríði Sturludóttur, verkefnastjóra RannUng. Á þeim fundi var ákveðið að hefja starfið með því að leikskólarnir kynntu starfsemi sína og áhersluþætti og Sigríður Sturludóttir fyrir hönd RannUng myndi hafa umsjón með kynningunum. Litið var á þá vinnu sem upphafið að námskrárgerð.

Kynningarfundirnir voru hljóðritaðir og afritaðir nákvæmlega. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir stefnu skólanna, einkennum þeirra og styrkleikum eins og leikskólakennararnir kynntu þá á sameiginlegum fundum. Þá verður skoðað það sem leikskólarnir virðast eiga sameiginlegt og lögð drög að komandi námskrárvinnu.

Skýrslan er byggð upp með þeim hætti að á eftir þessum inngangi kemur lýsing á hverjum skóla fyrir sig og í lokin er samantekt þar sem spurningum og umhugsunarefnum er varpað fram.

## Brákarborg

Brákarborg er einn af elstu leikskólum í Reykjavík og hóf starfsemi árið 1952. Viðbygging við leikskólann var tekin í notkun í febrúar 1995. Leikskólinn er í grónu hverfi milli Skipasunds og Sæviðarsunds og við göngustíginn Brákarsund. Stutt er í Laugardalinn sem hefur upp á margt að bjóða og nýtist vel í leikskólastarfinu allan ársins hring. Í leikskólanum dvelur 51 barn og er börnunum skipt á þrjár deildir eftir aldri. Deildirnar heita Dvergheimar, Álfheimar og Jötunheimar (Leikskólinn Brákarborg, 2010).

Samkvæmt heimasíðu leikskólans er markmið hans að skila af sér sjálfstæðum og öruggum einstaklingum sem þora að taka eigin ákvarðanir og standa við þær, jafnframt því að virða skoðanir annarra og taka tillit til þeirra. Lögð er áhersla á að börnin fari úr leikskólanum með góðar minningar (Leikskólinn Brákarborg, 2010).

Í námskrá Brákarborgar kemur fram að mikilvægt er talið að skapa gott andrúmsloft fyrir frjálsan leik. Það er gert með því að ætla honum góðan tíma. Frjáls leikur fer fram í svokölluðu flæði þar sem börnin taka hvert fyrir sig ákvörðun um hvaða leiksvæði þau kjósa og hvaða leik. Auk frjálsa leiksins er börnum á hverri deild skipt í hópa sem taka þátt í markvissum kubbaleik. Hver hópur fer einu sinni í viku með kennara sínum í frjálsan leik þar sem leikurinn fer fram á forsendum barnanna (Leikskólinn Brákarborg, 2010).

Samkvæmt námskránni er hugmyndafræði Brákarborgar byggð á hugmyndum Johns Dewey. Gengið er út frá því að börn læri af reynslu, eigin virkni og áhuga en ekki fyrir áhrif beinnar kennslu. Dewey lagði áherslu á ferlið í stað útkomunnar. Einnig styðst Brákarborg við hugmyndafræði Caroline Pratt sem var bandarískur uppeldisfrömuður og byggði hugmyndafræði sína á framfarastefnu Dewey. Sá efniviður, sem unnið er með, fellur vel að hugmyndum Pratt og Deweys um nám barna. Hann býður ekki upp á tilbúna lausnir heldur gefur hann börnunum tækifæri til að vinna úr reynslu sinni á skapandi hátt. Þau endurskapa þannig sitt eigið umhverfi sem þau eru of lítil til að taka þátt í en eru alltaf áhorfendur að (Leikskólinn Brákarborg, 2010).

### Kynning á leikskólanum

Í kynningunni á Brákarborg kom fram að starfsfólk leikskólans er ánægðast með frjálsa leikinn, það er stolt af leiknum sem fær að njóta sín í öllu leikskólastarfinu. Einnig kom fram

að starfsfólkið í Brákarborg er duglegt við skráningar og sér þar af leiðandi hvernig leikurinn er nýttur sem námsleið og hvernig börnin læra í gegnum leikinn. Í leiknum sér starfsfólkið hvernig börnin yfirfæra reynslu úr eigin lífi yfir í leikinn. Þau miðla reynslu sinni til annarra barna og víkka þar með reynsluheim sinn og félagi sinna. Í leik barna kemur fram ágreiningur sem börnin læra að leysa á friðsamann hátt og með því læra þau hvert af öðru og öðlast nýtt sjónarhorn. Starfsfólkið leggur áherslu á að búa börnunum lærdómsríkt leikumhverfi sem samanstendur af margs konar hlutum, bæði stórum og smáum, auk rýmis innan- og utanhúss sem reynir á getu og hæfileika barnanna. Í kynningunni kom einnig fram að Brákarborg leggur áherslu á svokallaðan opinn efnivið sem ýtir undir sköpunargleði og hugmyndaflug barnanna. Starfsfólkið leggur mikið upp úr því að skapa gott andrúmsloft fyrir frjálsan leik og er það gert með því að ætla honum góðan tíma og nægt rými. Svæðin eru fjölbreytt þannig að öll börnin ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Í kynningunni kom fram að áhersla er lögð á útiveru sem starfsfólkið telur gefa mikið svigrúm fyrir frjálsan leik og hreyfingu. Einnig kom fram að farið er í vettvangsferðir og gönguferðir. Efniviður, sem stendur börnunum til boða innanhúss eru ýmiskonar kubbar, einingakubbar, skógarkubbar, kaplakubbar, og endurnýtanlegur efniviður, t.d. stórir holukubbar, leir, sandur, pappír, litir, dýnur og púðar. Einnig eru margs konar tæki eins og ljósaborð, tölvur, myndvarpar og ónýt tæki sem hægt er að skrúfa í sundur.

Í kynningunni sögðu leikskólakennararnir frá skráningum á námi barnanna í Brákarborg en skráningar eru ríkur þáttur í starfi leikskólans og nýttar til að efla nám og leik barna. Fram kom að leikskólakennararnir eru því ávallt nálægir og fylgjast með leiknum án þess að vera beinir þátttakendur. Þeir hjálpa börnunum, sem eiga erfitt með að komast inn í leikinn, og fylgjast með, ef ágreiningsmál koma upp, og hvetja þau til að finna lausnir á þeim sjálf. Í Brákarborg forðast leikskólakennararnir að taka of mikinn þátt í leik barnanna því þeir telja að þá fari leikurinn að snúast í of miklum mæli um kennarann sjálfan og börnin verði ekki eins virk við að stýra leiknum sjálf.

Í kynningunni kom fram að börnin hafa einnig ákveðin hlutverk sem skiptast á milli þeirra. Þar má nefna: þjóna til borðs, raða bókum, taka til í fataherberginu, skola mjólkurfurnur og sópa. Mismunandi hlutverk er á milli deilda og fer það eftir aldri og þroska barnanna. Með þessu móti er börnunum falin ábyrgð sem þau ráða við. Lögð er áhersla á að grunnur samskipta byggji á virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki..

Einnig kom fram að í Brákarborg er áhersla lögð á jákvæð samskipti og líta leikskólakennararnir á sig sem fyrirmyndir í samskiptum. Einnig er lögð mikil áhersla á að hlusta á sjónarmið barnanna, þ.e. hvað þau hafa að segja og bregðast við því. Lögð er áhersla á að samskiptin einkennist af hlýju viðmóti og séu til þess fallin að skapa gagnkvæm og góð samskipti. Einnig leggur Brákarborg mikið upp úr jákvæðum samskiptum við foreldra og telja það grunninn að góðri líðan barnanna. Samkvæmt leikskólakennurunum, sem kynntu starfið, ríkir virðing og samstaða innan kennarahópsins og þeir leggja sig fram um að læra hver af öðrum.

Í Brákarborg er unnið með þróunarverkefnið „Samfélagið í einingarkubbunum“ (Leikskólinn Brákarborg, 2010). Markmiðið með því að skoða hvaða áhrif það hefur á vinnu barnanna með einingakubba að dýpka hugmyndafræðina, sem liggur að baki einingakubbunum, með því að innleiða samfélagsfræðileik og nám með einingakubbunum. Markmiðið er tvískipt og snýr annars vegar að kennsluháttum kennara og hins vegar að námi barnanna. Kennarar leggja áherslu á að dýpka þekkingu sína á hugmyndafræðinni með því að spyrja opinna spurninga, þjálfa sig í að efna til umræðna við börnin í tengslum við vettvangsferðir og rannsóknir á samfélaginu; jafnframt að tengja í auknum mæli vettvangsferðir og leik með einingakubba.

### **Sérstaða Brákarborgar**

Brákarborg er einn af elstu leikskólum borgarinnar og hefur markað sér sérstöðu í vinnu með einingakubba. Mikið frelsi er til leiks í leikskólanum þar sem börnin fá að vinna úr reynslu sinni og læra í gegnum frjálsan leik. Starfsfólk Brákarborgar segist vera meðvitað um hlutverk sitt í leik barna og hefur þróað sig og eflt í að styðja við leik barnanna með skráningum og nærveru. Starfsfólkið leggur mikla áherslu á að virðing sé borin fyrir börnum og starfsfólki og vill að börnin fái að njóta sín á eigin forsendum í leikskólastarfinu. Brákarborg leggur áherslu á sveigjanlegt leikskólastarf þar sem börnin fá að vinna við það sem þeim finnst skemmtilegt en starfsfólkið segist samt gera kröfur til barnanna og grípur inn í ef eitthvað óæskilegt á sér stað. Þróunarverkefnið hefur gefið Brákarborg mikla sérstöðu þar sem enginn leikskóli á Íslandi hefur unnið markvisst að því að tengja einingakubbavinnu við samfélagið sem börnin búa í. Þetta verkefni hefur gefið starfsfólki tækifæri til að rýna í eigið starf og þróa sig áfram í starfi með einingakubba. Starfsfólkið segist vera ötult við að æfa sig í að spyrja börnin opinna spurninga og þar með að hvetja þau til náms. Einnig hefur þróunarverkefnið gert það að verkum að starfsfólkið er öflugra í skráningum á leikskólastarfinu og skoðar þar með betur hvernig börn læra, hvernig þau nýta leikefnið og

leikrýmið, hvað þeim finnst skemmtilegt og hvað leiðinlegt, hvenær þeim líður vel og hvenær þeim líður illa. Allt eru þetta þættir sem skipta miklu máli í leikskólastarfi. Ef kennarinn er vakandi yfir námi og leik barna veit hann betur hvernig hann getur komið til móts við börnin og stutt þau í öllu leikskólastarfi.

## Rauðhóll

Rauðhóll er yngsti Bugðuleikskólinn, hann tók til starfa 1. mars 2007 og stendur í Norðlingaholti nálægt mikilli náttúruparadís svokölluðum Björnslandi. Einkunnarorð Rauðhóls eru vinátta, virðing og vellíðan. Samkvæmt heimasíðu Rauðhóls leggur hann ríka áherslu á vináttu, virðingu og vellíðan í leikskólastarfinu (Leikskólinn Rauðhóll, 2010).

Samkvæmt heimasíðu leikskólans leggur starfsfólkið í Rauðhól mikla áherslu á að frjálsi leikurinn skipi stóran sess í leikskólastarfinu. Leikskólinn telur að leikurinn sé eitt mikilvægasta tjáningarform barna. Leikurinn felur í sér sköpun þar sem börnin koma fram á eigin forsendum, opna sig og takast á í samskiptum. Leikskólinn leggur mikla áherslu á að leikurinn fáið notið sín sem best í leikskólanum; því er honum gefinn mikill tími og rými. Rauðhóll notar svokallaðan opinn efnivið sem býður ekki upp á fyrir fram ákveðnar lausnir heldur krefst hann hugmyndaflugs og sköpunar hjá börnunum. Opið leikefni eins og kubbar, leir, vatn, sandur, málning, litir, skæri o.fl. bjóða ekki upp á fyrir fram ákveðnar lausnir eins og hefðbundin leikföng gera oft. Þessi efniviður er talinn vera góð viðbót við leikföng sem börnin eiga heima hjá sér (Leikskólinn Rauðhóll, 2010).

Leikskólinn Rauðhóll er umkringdur frábærri náttúru sem býður upp á fjölmörg tækifæri til könnunar og uppgötvunar. Á heimasíðunni kemur fram að með hjálp starfsfólksins læra börnin að njóta og virða umhverfi sitt. Leikskólalóðin er ævintýraheimur fyrir börn með margs konar ögrandi viðfangsefnum. Stefnan er að sækja um að verða leikskóli á grænni grein og því verður leikskólinn að setja fram fimm meginmarkmið í umhverfisvernd og stofna umhverfisnefnd (Leikskólinn Rauðhóll, 2010).

Í maí 2009 var opnuð útideild við leikskólann og er hún sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Hún er staðsett í litlu timburhúsi í skógarrrjóðri sem nefnist Björnslundur en skógurinn er sameiginlegt útisvæði Norðlingaskóla, leikskólans Rauðhóls og Íþróttá- og tólmstundaráðs. Börnin í Rauðhól skiptast á að dvelja í skógarhúsinu í Björnslandi í eina viku í mánuði allan ársins hring. Á meðan börnin dvelja þar er lögð áhersla á sem mesta útiveru og þannig fá þau tækifæri til þess að vera í beinum tengslum við náttúruna (Vefur Reykjavíkurborgar, 2010).

Samkæmt heimasíðu leikskólans er börnunum kennt að auðlindir landsins eru ekki óendanlegar. Því er rafmagn, vatn o.fl. sparað. Allt rusl er flokkað og reynt að endurnýta í leik

og starfi. Börnin læra mest af því sem þau upplifa; því verða foreldrar og kennarar, að vera samkvæm sjálfum sé og ganga fram sem góð fyrirmynd (Leikskólinn Rauðhóll, 2010).

### **Kynning á leikskólanum**

Í kynningu Rauðhóls sem fram fór í Björnslundi kom fram að mannauðurinn skiptir miklu máli í leikskólanum Rauðhól og til þess að hann eflist verður að hafa gott starfsfólk sem býr yfir mikilli þekkingu og reynslu. Leggur leikskólinn metnað í að finna hæft fólk. Hugarfarið í starfsmannahópnum skiptir miklu máli og unnið hefur verið með það síðan leikskólinn opnaði. Í kynningunni kom fram að allir leggja sitt af mörkum, starfsfólkið hefur mikla reynslu og allir eru tilbúnir að leggja mikið á sig og fara út fyrir sinn ramma, prófa að fara nýjar leiðir og reyna að hugsa í lausnum.

Í kynningunni kom fram að Rauðhóll leggur áherslu á að leikskólinn sé fyrst og fremst fyrir börnin og að reynt sé að gera eins vel við þau og mögulegt er og sýna sveigjanleika. Í upphafi var leikskólinn upptekinn af því að hafa að leiðarljósi, vináttu, virðingu og vellíðan og var þetta leiðarljós ákveðið með öllum starfsmannahópnum. Einnig kom fram að ef maður á ekki vini og ber ekki virðingu fyrir sér og öðrum og ef manni líður ekki vel þá er reynt að grípa inn í. Þó að leikskólinn hafi ekki margar reglur til að fara eftir þá er reynt að fylgjast með því hjá börnum og fullorðnum hvort þessir þættir séu í lagi hjá öllum. Samhugur og samkennd er það sem skiptir öllu máli í leikskólasterfinu á Rauðhól.

Í kynningunni kom fram að dagsskipulag Rauðhóls einkennist af flæði þar sem ekki er stífur rammi utan um starfið. Það sem rammur leikskólasterfið mest inn er hádegismaturinn og hvíldin. Leikskólinn fer töluvert í vettvangsferðir, þá er tekið nesi með og hvíldin jafnvel tekin úti í skógi eða þar sem börnin eru þá stundina. Áhersla er lögð á að leikskólasterfið einkennist einnig af rólegheitum þar sem ekki er verið að flýta sér að gera alla skapaða hluti. Í fataklefanum fá börnin t.d. nægan tíma til að klæða sig í rólegheitum. Einnig fær leikurinn mikinn tíma og rými til að þróast og börnin fá að leika sér eins lengi og þau þurfa eða vilja. Starfsfólkið segir að börnin séu mjög dugleg að byggja úr einingakubbum og fá mikinn tíma og nóg pláss til að láta byggingar sínar standa.

Í kynningunni kom fram að eitt af sérkennum leikskólans er að dagurinn er skipulagður út frá þörfum barnanna. Til dæmis þurfa ekki öll börnin að hlusta á sögu í samverustund, þau fá að velja hvort þau vilja hlusta á sögu eða leika sér frammi. Einnig mega þau fara fram ef þau nenna ekki að klára að hlusta á söguna. Dagurinn hefst yfirleitt með því að starfsfólkið mætir

á morgnana og skoðar hvað það og börnin vilja gera þann daginn eða hverju sinni. Börnin fara einnig á milli deilda og geta valið efnivið og leik út frá eigin áhuga og systkini fá að leika sér saman og vinir fá að flakka á milli deilda. Rauðhóll leggur mikið upp úr því að vera einn leikskóli en ekki fimm deildir. Leikskólinn leggur mikla áherslu á áhugasvið barnanna og þau fá að ráða ferðinni sjálf.

Í kynningunni kom fram að útikennsla fær mikið rými í leikskólanum Rauðhól þar sem leikskólinn hefur Björnslund og hús þar á sínum vegum eins og áður hefur komið fram. Þar fá börnin að kynnast náttúrunni og læra að umgangast hana og að lifa með henni og í henni, bera virðingu fyrir henni og nýta hana sem efnivið í leik og námi. Kennararnir hafa farið á námskeið í útikennslu og eru að styrkja sig og þróa í þeirri vinnu. Rauðhóll er einnig búinn að sækja um Grænfánann og er að efla sig í umhverfisvernd. Fyrirkomulagið í Björnslundu er á þann veg að nokkur börn af hverri deild eru viku í senn í leikskóladeild sem staðsett er í Björnslundu og með hverjum hóp kemur starfsmaður. Það er einnig einn fastur starfsmaður úti í húsinu sem er einnig deildarstjóri.

Í kynningunni kom fram að Rauðhóll leggur mikla áherslu á skráningar og hefur starfsfólkið farið á nokkur námskeið um efnið og fengið kynningar og fræðslu. Starfsfólkið þjálfar sig stöðugt í skráningum, börnin fá möppur sem fá að þróa fyrir hvert barn. Það kom einnig fram að Rauðhóll hefur verið að prófa sig áfram með ýmsar leiðir í samstarfi við foreldra. Starfsfólk leikskólans fer í heimsókn heim til barnanna í foreldraviðtal einu sinni á ári. Einnig hefur leikskólinn oft foreldraviðtöl og upplýsir foreldra jafnt og þétt um starfsemi og líðan barnanna. Rauðhóll hefur einnig haldið námskeið fyrir foreldra, t.d. tálgunarnámskeið. Samstarfið við Norðlingaskóla er einnig mikið og gott og hefur verið í þróun frá opnun leikskólans. Skólarnir taka þátt í þróunarverkefni sem heitir „Leikgláðir Norðlingar á leið um lífið“ sem hefur gefist mjög vel og ekki síst náð að þjappa starfsfólki þessara tveggja skóla saman. Skólarnir leggja mikið upp úr miklum og góðum samskiptum og hafa sameiginlega starfsdaga og námskeiðsdaga fyrir utan heimsóknir og annað hefðbundið samstarf. Rauðhóll og Norðlingaskóli eru þátttakendur í starfendarannsókninni „Á sömu leið“ á vegum Rannung þar sem markmiðið er að auka samfellu á milli skólastiga. Í þessari rannsókn taka kennararnir þátt, skoða starf sitt og hvernig þeir geta þróað samvinnu og samfellu á milli leik- og grunnskóla. Markmið starfendarannsóknarinnar er ná dýpri og betri samvinnu milli skólastiganna og þróa samvinnuna á þann hátt að það sé gott fyrir börnin og þau fái tækifæri til að byggja ofan á fyrri reynslu úr leikskólanum þegar þau fara í grunnskólann.

## Sérstaða Rauðhóls

Rauðhóll er ungur leikskóli sem er að marka sér ákveðna sérstöðu í leikskólastarfi. Í leikskólanum er lögð áhersla á frelsi og flæði, börnin eiga að fá að hafa mikið um það að segja hvað þau gera í leikskólanum og eru höfð með í ráðum þegar starfið er skipulagt. Ekkert val, engar hópastundir eða samverustundir eru í dagsskipulaginu. Sérstaða Rauðhóls er Björnslundur sem er útisvæði með einni leikskóladeild. Þangað fara börnin í eina viku í senn og njóta náttúrunnar. Markmiðið með Björnslundi er að börnin fái að njóta þess að lifa í náttúrunni, virða hana, læra að þekkja hana og umgangast hana af virðingu.

Rauðhóll tekur þátt í ýmsum þróunarverkefnum og rannsóknum. Leikskólinn hefur verið í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og margar rannsóknir hafa verið og eru enn gerðar í leikskólanum. Samkvæmt því sem Rauðhóll greinir frá er starfsfólkið með opinn huga og óhrætt að fara út fyrir rammann, ræða saman á gagnrýninn hátt um það sem skiptir máli í leikskólastarfi og læra hvert af öðru. Frjálsræðið og flæðið í leikskólanum er nýjung fyrir sumt af starfsfólkinu sem kemur frá öðrum leikskólum. Í ljósi þess er mikilvægt að hafa samræðufundi reglulega þannig að starfsfólkið fái tækifæri til þess að ræða það sem gengur vel og það sem gengur ekki eins vel. Einnig hefur leikskólinn markað sér sérstöðu með góðu samstarfi við grunnskólann í hverfinu þar sem þessir tveir skólar halda sameiginlega starfsdaga, fara í heimsóknir sín á milli og ætla sér að hafa kennaraskipti. Með þessu móti er flæði eftir og samfella aukin á milli leik- og grunnskóla á annan hátt en tíðkast hefur til þessa.

## Garðaborg

Garðaborg er rótgróinn leikskóli sem stendur í þéttri íbúðabyggð í Fossvoginum. Samkvæmt heimasíðu Garðaborgar hefur starfsfólk leikskólans tileinkað sér hugmyndafræði Johns Dewey og kennslufræði Caroline Pratt til að vinna eftir. John Dewey var heimspekingur og sálfræðingur að mennt. Hann vildi tengja betur saman samfélag og skóla. Hann vildi að barnið hefði innsýn í samfélagið í skólanum. Námið tekur mið af heimsóknum út í samfélagið sem barnið síðan vinnur úr þegar það kemur í leikskólann. Þannig fær barnið tækifæri til að túlka upplifun sína af samfélaginu. Samkvæmt kenningum Deweys er leikurinn námsleiðin, þar vinnur barnið úr hugmyndum sínum, þroskar þær og eflir eigin sköpun. Það lærir með því að gera sjálf, þ.e. að fara í gegnum ferlið. Þess vegna skiptir vinnan/ferlið meira máli en sjáanleg afurð og/eða útkoma. Opið leikefni er allt það sem börnin leika sér með, en leiðir ekki til ákveðinna lausna. Það er eingöngu háð hugmyndum barnsins hvernig og hver lausnin er. Leikefnið, sem er notað í leikskólanum, er m.a. einingakubbar, stórir kubbar, vatn, sandur, leir, margar gerðir af litum og margt fleira. Einingakubbar og stórir kubbar skipa stóran sess í öllu starfi leikskólans. Í gegnum byggingaleikinn læra börnin m.a. stærðfræði, samskipti og samfélagsfræði og í leik með kubbana örva þau alla þroskaþætti. Það er mismunandi eftir aldri barna hvernig þau byggja (Leikskólinn Garðaborg, 2010).

Í námskrá Garðaborgar kom fram að lífsleikni barna er eflað með því að örva tilfinningaleikni þeirra í gegnum dagleg samskipti og á skipulagðan hátt. Sé börnum skapað leikumhverfi þar sem sköpun og sjálfstæð hugsun fær að njóta sín þá eflist leikni þeirra til að takast á við umhverfið. Þegar börnin læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér styrkist sjálfstraust þeirra og þau verða hæfari í samskiptum við aðra. Af því leiðir að börnin eiga auðveldara með að fara eftir þeim reglum sem ríkja í samfélaginu og læra að bera virðingu fyrir umhverfinu og margbreytileika einstaklingsins (Leikskólinn Garðaborg, 2010).

Einnig kemur fram í námskránni að lögð er áhersla á leikinn sem hornstein leikskólastarfsins. Hann er bæði tjáningaraðferð og gleðigjafi barnsins en um leið er hann mikilvægasta náms- og þroskaleið þess. Leikurinn er öllum börnum eðlilegur og í honum læra þau best; honum fylgir oft bæði gleði og alvara. Í gegnum leikinn vinna börnin úr þeirri reynslu sem þau hafa úr umhverfi sínu, geta prófað sig áfram, gert tilraunir og lært af reynslunni. Í leiknum læra börnin margt sem enginn getur kennt þeim. Leikurinn þjálfar börn í að vinna saman og taka tillit hvers til annars (Leikskólinn Garðaborg, 2010).

## Kynning á leikskólanum

Fram kom í kynningu Garðaborgar að leikskólinn leggur mikið upp úr því að fá börnin til að taka þátt í ákvörðunartöku og reynt er að hlusta á viðhorf þeirra eftir fremsta megni. Sem dæmi um þetta má nefna að barni var fengin myndavél og það var beðið um að taka myndir af því sem því þótti merkilegast í leikskólanum sínum. Barnið tók allmargar myndir og leikskólakennarinn og barnið settust saman niður til að ákveða hvaða myndir færu í þessa kynningu. Barnið sagði frá hverri mynd og hvers vegna það tók myndirnar. Barnið tók mynd af fataklefanum, eldhúsinu, tuskupúðum, deildinni og sparkbíl sem fatlaður drengur fær að nota. Myndirnar, sem börnin taka af leikskólastarfinu, eru notaðar til þess að skoða sýn barnanna á leikskólann og við mat á starfinu.

Í kynningunni kom fram að efniviðurinn á Garðaborg er opinn og einingakubbar eru aðalefniviðurinn í leikskólanum. Leikskólastjórinn sagði að ef beðið er um nýjan efnivið þá er alltaf gengið út frá spurningunni: „Hvað læra börnin af honum?“ Garðaborg hefur verið með umhverfismennt síðan 2002 og þá var sótt um Grænfanann. Það kom fram að Garðaborg er einnig með umhverfisstund þar sem börnin eru með í ákvarðanatöku og þar sem valinn er ritari og fundarstjóri úr hópi barnanna. Á þessum fundum setja börnin reglurnar og það þarf að rétta upp hönd til þess að fá orðið og annað slíkt. Reynt er að flétta lýðræði inn í leikskólastarfið og er hluti af því að láta sér annt um umhverfið. Leikskólastjórinn benti á að í lýðræðissamfélagi snúist ekki allt um réttindi og frelsi heldur líka skyldur og reynt er að koma því inn í allt leikskólastarf. Hún tók dæmi um slíkt: Ef börnin nenna ekki að taka saman á kubbasvæðinu þá taka þau réttinn af öðrum að koma að kubbasvæðinu hreinu og aðgengilegu. Það kom fram að allir hafa skyldur og mikilvægt er að kenna börnunum að þau hafa líka ákveðnum skyldum að gegna.

Í kynningunni kom fram að elstu börnin gera einnig bækling um leikskólann sinn og er það liður í því að virkja þau til þátttöku og hafa þau með í ákvarðanatöku í leikskólastarfinu. Börnin gera bæklinginn með því að fara um húsið og taka myndir af því sem þau vilja og af því sem þeim finnst merkilegast við leikskólann sinn. Síðan þurfa þau að segja frá myndunum og útskýra af hverju þau tóku þessar ákveðnu myndir. Og að því loknu er bæklingurinn útbúinn og afhentur gestum. Bent var á að með þessu væri leitast við fá fram skoðanir barnanna á leikskólastarfi. Börnin eru ánægð í leikskólanum og vitnað er í eitt barnið: „Hann er svo fallegur að hann glitrar eins og jólatré!“ og átti barnið þá við leikskólann sinn.

Í kynningunni kom fram að Garðaborg er með dúkku sem heitir Tumi og er fædd árið 1995. Í upphafi fór hún með einu barni heim eina helgi í senn. En svo var ákveðið að Tumi skyldi leggja land undir fót og ferðast út í heim til að kynna heiminum og kenna börnunum á Garðaborg meira um heiminn. Tumi hefur farið til New York og sendi bréf þar sem hann sagði hvað hann væri að gera og hvað hann væri að læra í þessum ferðum sínum. Hann hefur einnig farið til Dubai og Jemen. En nú er kominn arftaki Tuma sem fer með börnunum heim um helgar og það er hann Jakob. Hann fer með elstu börnunum heim og eftir hverja heimsókn segja börnin öllum hinum börnunum í leikskólanum frá því hvað þau gerðu með honum um helgina.

Í kynningunni kom fram að Garðaborg tengir allt starf sitt við samfélagið og er með stórt hverfiskort uppi á vegg. Hún sagði jafnframt frá því að öll börnin í leikskólanum hafa ákveðið hlutverk, t.d. er eitt barnið veðurfræðingur og annað brunavörður. Fram kom að leikskólinn leggur einnig áherslu á stærðfræði og talnavinnu sem einn leikskólakennarinn sér um. Í kynningunni kom fram að foreldrasamstarfið á Garðaborg er öflugt en farið er í heimaviðtöl. Markmiðið með heimaviðtölunum er að kynna barninu sem best. Einnig vill leikskólinn efla sig í skráningu og gera persónuöppur fyrir hvert barn. Börnin hafa verið með í leikskólanum myndaalbúm að heiman; með því fá þau tækifæri til að skoða myndirnar og sýna vinum sínum og starfsfólki líf sitt utan leikskólans.

### **Sérstaða Garðaborgar**

Garðaborg er einn af leikskólum Reykjavíkur sem hefur þá sérstöðu að nota eingöngu opinn efnivið og byggir sitt starf á sköpun. Garðaborg vinnur einnig að því að eflast í lýðræðislegum vinnubrögðum með því að veita börnunum tækifæri til að taka þátt í ákvörðunartöku. Garðaborg er að þróa leiðir til þess að hlusta á börn og sást það glögglega í kynningunni hversu næmt starfsfólkið er á þarfir barnanna. Leikskólinn er kominn langt í að vinna með þátttöku barna í ákvörðunartöku sem sést á því hve markvisst börnin fá að vera með í ráðum þegar meta á leikskólann. Eins og dæmið hér fyrir ofan sýndi glögglega er hlustað á viðhorf barna og gengið alla leið með því að gera eitthvað með þau viðhorf. Óskir barnanna eru skoðaðar og notaðar til að meta leikskólastarfið og hverju má breyta. Garðaborg er leikskóli sem er samkvæmur sjálfum sér og fylgir þeirri stefnu sem hann gefur sig út fyrir að ganga út frá. Þegar gengið er um leikskólann sést að efniviðurinn er eingöngu opinn. Ef starfsmaður biður um nýjan efnivið þá er ávallt spurt: „Hvað læra börnin af því?“ eins og greint er frá hér að framan. Með þessu móti er staldrað við og ekki anað út í neitt sem skiptir ekki máli. Starfsfólkið þarf að ígrunda og skoða hvers vegna það vill breyta eða fá nýjan efnivið.. Þetta

sýnir mikla fagmennsku og að vel er haldið utan um hugmyndafræðina sem leikskólinn vinnur eftir. Með þessu móti fær starfsfólk tækifæri til að ígrunda eigið starf, staldra við og skoða væntingar sínar í tengslum við þá hugmyndafræði sem leikskólinn vinnur eftir. Mikil virðing er borin fyrir bæði börnum, starfsfólki og foreldrum í leikskólanum.

## Klambar

Klambrar er fjögurra deilda leikskóli þar sem eru 86 börn á aldrinum 1 árs til 6 ára. Leikskólinn er til húsa á jarðhæð stúdentagarða Byggingarfélags námsmanna og var opnaður í maí 2002. Deildirnar heita Teigur, Tún, Holt og Hlíð og eru 1 til 2 árgangar á hverri deild. Klambrar leggur sig fram um að skapa þannig andrúmsloft í leikskólanum að þar sé gott, gaman og menntandi að vera hvort sem maður er barn eða fullorðinn. Öryggi og traust, starfsgleði og jákvæðni, gagnrýnin og skapandi hugsun eru einkunnarorð Klambra eða „Klambraandinn“. Má segja sá andi sé sem rauður þráður í gegnum allt leikskólasterfið á Klömbrum (Leikskólinn Klambrar, 2010).

Í námskránni hjá Klömrum kemur fram að dagskipulagið byggist á þremur þáttum: Daglegum venjum, hópastarfi og leiktíma þar sem börnin velja sér svæði. Með daglegum venjum er átt við matartíma og hvíld, líkamlega umhirðu og lífsleikni. Hópastarf fer fram undir handleiðslu hópstjóra. Það er skipulagt af kennara og börnum og tekur mið af sex námssviðum Aðalnámskrár leikskóla. Leiktími eða val fer þannig fram að valfundur er haldinn þar sem börnin velja sér svæði til að leika sér á. Hlutverk kennarans er að bjóða upp á lærdómsríkt umhverfi og fylgjast með því að leikurinn sé lifandi og góður. Leikurinn er í öllum þessum þáttum aðalnámsleið barnanna hvort sem þau stunda lífsleikni eða raunvísindi. Hlutverk barnanna er að njóta lífsins og þroskast í gegnum leik og samveru. Hlutverk kennarans er að skapa þeim bestu aðstæður til þess (Leikskólinn Klambrar, 2010).

Í námskránni kemur fram að unnið er með könnunarleik með yngstu börnunum í leikskólanum, en könnunarleikur er aðferð sem stuðlar að því að barnið finnur lausnirnar á sinn eigin hátt og á eigin forsendum. Könnunarleikur felur í sér að hópi barna er boðinn aðgangur að fjölda ólíkra hluta sem þau mega leika sér með án afskipta fullorðinna í ákveðinn tíma. Í könnunarleik læra börnin að nota ólíka hluti á margvíslegan hátt, t.d. fylla og tæma, setja saman, velja og hafna, finna hvað er líkt og ólíkt, stafla hlutum og láta þá halda jafnvægi, stundum tekst það stundum ekki, en alltaf er stefnt að settu marki. Af hlutum, sem notaðir eru í könnunarleik, fá ung börn þá reynslu að möguleikar hluta eru óþrjótandi. Þau læra frá unga aldri að hægt er að fara margar ólíkar leiðir að sama markmiðinu. Viðfangsefni í könnunarleik eru óhefðbundin því ekki er um eiginleg leikföng að ræða heldur ýmsa hluti sem t.d. má finna á heimilum, s.s. klemmur, dósir, ýmiskonar ílát, borða, tappa, keðjur, lykla o.fl. Eins og nafnið segir til um þá kanna börnin möguleika hlutanna og gera það á eigin spýtur, þau eru í

leit og þessi leit leiðir þau áfram til aukinnar þekkingar (Leikskólinn Klambrar, 2010).

Einingakubbornir eru aðalefniviður Klambra samkvæmt námskránni. Litið er á vinnuna með einingakubbana sem örvandi fyrir flesta þroskaþætti hjá börnum, m.a. líkamsþroska, félags- og tilfinningaþroska og málþroska og í henni eru einnig fólgnir miklir námsmöguleikar, svo sem í samfélagsfræði, stærðfræði, vísindum og listum. Einnig er tekið fram að kubbornir séu afar aðlaðandi efniviður fyrir hendur, huga og ímyndunarafl barna og í vinnu með þá fara börnin í hlutverk stærðfræðinga, vísindamanna, sögumanna, arkitekta og hönnuða leiksviðs (Leikskólinn Klambrar, 2010).

### **Kynning á leikskólanum**

Samkvæmt kynningunni eru Klambrar að byrja að gera ferilmöppu fyrir hvert barn. Um er að ræða möppur sem fylgja hverju barni á milli deilda og er upplýsingum og dæmum um vinnu barnsins safnað saman í hverja möppu. Einnig er ætlunin að safna saman myndum af hverju barni frá öllum leikskólaárunum á disk sem það fær þegar það lýkur leikskóladvölinni. Í kynningunni kom fram að ætlunin er að haga skráningum af námi og leik barna þannig að úr verði nokkurs konar ferilmöppur. Fram kom að Klambrar eru að þróa sig áfram í skráningum og ætla að efla þær verulega og skrá vinnu og leik barnanna á mismunandi hátt, t.d. með ljósmyndum, skráningum, myndbandsupptökum o.fl. Einnig er hver hópstjóri með möppu sem hann safnar öllum upplýsingum um hvert barn í og notar þær upplýsingar í foreldraviðtölum.

Í kynningunni kom fram að Klambrar telja gott foreldrasamstarf afar þýðingarmikið. Áður en foreldrar koma í foreldraviðtöl fylla þeir út upplýsingablað um barnið sitt. Hópstóri fyllir út sambærilegt blað og í foreldraviðtölinu bera foreldrar og hópstjóri saman niðurstöður og fylla út markmiðsblað í sameiningu fyrir viðkomandi barn. Þannig verður til einstaklingsnámskrá sem byggir á veikum og sterkum hliðum barnsins og því sem foreldrar og starfsfólk vilja í sameiningu styrkja og aðstoða barnið við. Einstaklingsnámskráin er geymd í læstri hirslu en er aðgengileg öllu því starfsfólki sem tekur viðtölin og því alltaf hægt að skoða hvort markmið hafi náðst frá síðasta viðtali eða hvort einhversstaðar þurfi að skerpa á. Allt starfsfólk á leikskólanum tekur foreldraviðtölin, ekki einungis deildarstjóri eða leikskólakennari. Með þessu móti bera starfsmenn meiri ábyrgð á sínum hóp og fylgja honum eftir.

Klambrar eru með hópastarf og val/leiktíma þar sem börnin fá að velja sér svæði sem þau leika sér á. Yngri börnin eru með fastar stöðvar. Þær kallast náttúra, óvænt, vísindasmiðja, könnunarleikur, tónlist og hreyfing. Eldri börnin hafa um fleiri stöðvar að velja og hjá öllum deildum færast valið út á sumrin. Starfsmenn yngri deildanna fara á þriggja vikna fresti milli stöðva. Yngri börnin fara í val tímana/leiktímana tvisvar í viku.

Klambrar eru umhverfisverndar leikskóli og hefur unnið mikið og gott starf í því að koma umhverfismennt inn í allt starf leikskólans. Börnin taka fullan þátt í því að vernda umhverfið, endurvinna, endurnýta og molta. Byrjað er strax á yngstu deildinni að leggja inn til barnanna mikilvægi umhverfisverndar og síðan taka stærri og meiri hlutverk við eftir því sem börnin hafa þroska og aldur til.

### **Sérstaða Klambra**

Klambrar eru að þróa persónumöppur fyrir öll börnin sem á að fylgja þeim á milli deilda og síðan þegar þau hætta í leikskólanum. Í þessar möppur fer allt sem við kemur barninu, skráningar, myndir, verkefni og aðrar upplýsingar um það sem barnið aðhefst í leikskólanum. Börnin fá persónumöppu þegar þau hefja leikskóladvöl sína og þessi mappa fylgir þeim á milli deilda öll leikskólaárin. Þarna getur starfsfólkið séð og kynnst hverju barni á annan hátt en ef mappan væri ekki til staðar. Með þessu er hægt að sjá hvað barnið hefur lært, hvert áhugasvið barnsins er og hverjar eru sterku hliðar barnsins. Starfsfólkið getur þá byggt ofan á þá þekkingu, sem fyrir er hjá barninu, og gert því kleift að nýta fyrri reynslu til að búa til nýja og læra nýja hluti. Klambrar leggja einnig mikið upp úr könnunarleiknum með yngstu börnunum. Leikskólinn er með hópastarf tvisvar í viku fyrir yngri börnin en á hverjum degi fyrir eldri börnin og val á hverjum degi þar sem börnin fá að velja sér leiksvæði til að leika sér frjálst á. Umhverfismennt er hluti af sérstöðu Klambra þar sem allir eru þátttakendur bæði börn og fullorðnir.

## Samantekt

Bugðuleikskólarnir eiga það sameiginlegt að þeir starfa allir eftir hugmyndafræði Johns Dewey og vinna með einingakubba. Skólarnir leggja sig fram um að þróast í starfi og leikur Bugðuverkefnið stórt hlutverk í þeirri þróun. Verkefnið styrkir þessa fjóra skóla í því sem þeir standa fyrir. Markmið Bugðuleikskólanna er:

1. Að börn og fullorðnir þroski með sér sjálfstæða, gagnrýna og skapandi hugsun.
2. Að börn og fullorðnir tileinki sér jákvæða forvitni sem gerir umhverfið að spennandi lærdómssamfélagi fyrir alla.
3. Að börn og fullorðnir þroski með sér hugrekki til að upplifa og rannsaka nýjar leiðir og finna gleðina af því að sjá árangurinn.
4. Að samstarf allra sem nema og starfa innan leikskólans einkennist af lýðræðislegum hugmyndum og vinnubrögðum.
5. Að börn og fullorðnir temji sér að sýna öðrum virðingu og taka tillit til þess að allir eru einstakir.
6. Að börn og fullorðnir beri virðingu fyrir umhverfi sínu og menningu.
7. Að börn og fullorðnir upplifi ánægjuna og styrkleikann sem fylgir því að vinna saman. (Bugða, 2010).

Eftir að hafa unnið úr kynningunum, lesið námskrár, heimasíður og kynningarbækling sem leikskólarnir hafa gefið út þá sést glögglega að leikskólarnir leggja sig fram um að vinna eftir ofangreindum markmiðum.

Leikskólarnir fjórir byggja á sameiginlegri hugmyndafræði. Í fyrstu má nefna hugmyndir Johns Dewey þar sem gengið er út frá því að börn læri af reynslu, eigin virkni og áhuga en ekki fyrir áhrif beinnar kennslu. Dewey lagði áherslu ferlið í stað útkomunnar. Kennslufræðin sem leikskólarnir fara eftir eru í anda Caroline Pratt sem hannaði einingakubbana. Leikskólarnir nota nánast eingöngu opinn efnivið sem býður ekki upp á fyrirfram ákveðnar lausnir heldur krefst hann hugmyndaflugs og sköpunar hjá börnunum. Opið leikefni er m.a. kubbar, leir, vatn, sandur, málning, litir og skæri.

Allir leikskólarnir leggja einnig ríka áherslu á leikinn. Litið er á leikinn sem tjáningaraðferð og gleðigjafa barnsins og um leið mikilvægustu náms- og þroskaleið þess.

Leikskólarnir leggja áherslu á gott samstarf við fjölskyldur barnanna. Tveir af leikskólunum fara í heimsóknir heim til barnanna til að kynna þeim og fjölskyldum þeirra í sínu eigin umhverfi.

Leikskólarnir undirstrika mikilvægi lýðræðislegra vinnubragða og leitast við að hafa börnin með í ákvörðunartöku í leikskólastarfinu. Þeir vilja leggja sig fram um að hlusta á það sem börnin hafa að segja um leikskólastarfið og nýta það í mati og áframhaldandi þróun á leikskólastarfinu.

Í kynningunum kom fram að leikskólarnir vilja leggja sitt af mörkum til þess að starfsfólk og börn þroski með sér gagnrýna og sjálfstæða hugsun og leitast er við að vinna á skapandi hátt í leikskólunum. Jafnframt var undirstrikað mikilvægi þess að börn og starfsfólk beri virðingu hvert fyrir öðru og umhverfi sínu. Einnig kom fram áhersla á mikilvægi þess að hlusta á það sem börnin hafa fram að færa og nota lýðræðisleg vinnubrögð. Leikskólarnir hafa allir áhuga á því að efla þátt skráningar í leikskólastarfinu.

Á kynningunum kom glögglega í ljós að leikskólarnir vinna að sömu markmiðum en fara jafnframt ólíkar leiðir að þeim. Klambrar leggja áherslu á persónumöppur fyrir hvert barn og nýtir þannig reynslu barna til að byggja ofan á fyrra nám. Garðaborg notar eingöngu opinn efnivið og lýðræðisleg vinnubrögð og fær börnin til að taka þátt í ákvörðunartöku. Rauðhóll leggur mikið upp úr vináttu og virðingu og hefur mikið flæði í sínu leikskólastarfi þar sem börnin fá að ráða ferðinni að mestu leyti. Bákaborg leggur mikla áherslu á einingakubbastarf og tengingu við samfélagið, leikskólastarfið er sveigjanlegt og áherslu er lögð á hlutverk starfsfólks í leik barna. Allt eru þetta leiðir að þeim markmiðum sem nefnd voru hér að ofan og með þessu má sjá að allir leikskólarnir leitast við að vinna eftir þeirri hugmyndafræði sem þeir byggja á, þ.e. hugmyndafræði Deweys og Pratt.

Sú skýrsla sem hér birtist er byggð á frásögnum leikskólastjóra og leikskólakennara Bugðuskólanna og opinberum gögnum og kynningarefni sem unnið er af leikskólunum. Ekki voru gerðar athuganir eða mat á því hvort eða hvernig unnið er samkvæmt þeim markmiðum sem leikskólarnir hafa sett sér. Áhugavert væri að skoða nánar starfið í framkvæmd og hvernig leikskólunum tekst með ólíkum leiðum að framfylgja settum markmiðum.

Næsta skref í samstarfi Bugðuleikskólanna er sameiginleg námskrágerð. Sú vinna þarf að taka mið af yfirlýstum markmiðum leikskólanna. Leikskólarnir leggja áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð og leitast við að virkja börnin til þátttöku og ákvörðunartöku í leikskólastarfinu.

Þeir leggja sig fram um að hlusta á það sem börnin hafa að segja um leikskólastarf sitt og vilja nýta það í mati og áframhaldandi þróun á leikskólastarfinu. Einnig vilja þeir hafa gott foreldrasamstarf og hlusta á það sem foreldrarnir hafa að segja um leikskóladvöl barna sinna. Í ljósi þessa mun áframhaldandi vinna við námskrá leikskólanna fara fram á lýðræðislegan hátt í virku samstarfi við starfsfólk, börn og foreldra í hverjum leikskóla fyrir sig.

Að lokum vill RannUng þakka fyrir að fá að taka þátt í þessu verkefni og öðlast innsýn í metnaðarfullt leikskólastarf.

## Heimildir

Bugður (2009). *Bugðubæklingur*. Tekið af vefnum 10. mars 2010 frá

Leikskólinn Brákarborg. (2009). *Námskrá Brákarborgar*. Tekið af vefnum 10. Mars 2010 frá [http://www.brakarborg.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=92&Itemid=96](http://www.brakarborg.is/index.php?option=com_content&view=article&id=92&Itemid=96).

Leikskólinn Garðaborg. (2003). *Námskrá Garðaborgar*. Tekið af vefnum 8. mars 2010 frá [http://www.gardaborg.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=92&Itemid=96](http://www.gardaborg.is/index.php?option=com_content&view=article&id=92&Itemid=96).

Leikskólinn Klambrar. (2008). *Námskrá Klambra*. Tekið af vefnum 15. mars 2010 frá [http://www.klambrar.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=92&Itemid=96](http://www.klambrar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=92&Itemid=96).

Leikskólinn Rauðhóll. (2010). *Heimasíða Rauðhóls*. Tekið af vefnum 6. mars 2010 frá <http://www.raudhollinn.is/>.

Vefur Reykjavíkurborgar. (2009). *Björnslundur fyrsta útileikskóladeild á Íslandi*. Tekið af vefnum 22. mars 2010 af [http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-757/521\\_read-15574/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-757/521_read-15574/).